

Reglur um fjárhæð jarðarafgjalda fyrir ábúð, leigu og lóðarleigu á ríkisjörðum og landi á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðuneytisins

1. gr.

Jarðir

Árleg jarðarafgjöld fyrir ábúð og leigu ríkisjarða á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðuneytisins skulu reiknast þannig:

Grunnleigugjald er 3,25% af matsliðum í fasteignamati í eigu ríkisins og 2% af öðrum eignum ríkisins sem ekki eru í fasteignamati, en verðlagðar hafa verið í úttekt eða með sambærilegum hætti.

Afgjaldið tekur hækkunum í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu og miðast grunnvísitala matsliða fasteignamats við næstliðinn desembermánuð, en grunnvísitala annarra liða miðast við þann mánuð sem úttektarskýrsla eða mat er gefið út í.

Afgjald fyrir jarðir sem eru leigðar án þess að umtalsverðar fasteignir fylgi má miða við nýtanlegt land til beitar og reiknast skv. 2. gr.

2. gr.

Spildur

Árleg afgjöld fyrir lóðir og spildur á forræði ráðuneytisins, þ.m.t. byggingarlóðir, ræktarlönd og beitolönd, reiknast þannig:

Leigugjald fyrir hvern hektara óræktaðs lands (beitolands) allt að 25 hekturum, skal vera kr. 3.214,40. Fyrir hvern hektara óræktaðs lands (beitolands) umfram 25 hektara, reiknast kr. 1.285,80.

Leigugjald fyrir tún skal vera allt að helmingi herra en fyrir beitoland, en það ákvarðast af gæðum túnanna.

Grunnleigugjald og leiga hvers árs sem reiknast með þessum hætti, skal ákvarðast og taka breytingum m.v. byggingarvísitölu sem var í mars 2011, 509,0 stig.

3. gr.

Sumarhúsalóðir

Árleg leiga fyrir sumarhúsalóðir undir tveimur hekturum að stærð skal vera 4% af fasteignamati hverju sinni. Fyrir sumarhúsalóðir stærri en tveir hektarar skal leiga fyrir hvern hektara umfram tvo reiknuð samkvæmt ákvæðum 2. gr.

4. gr.

Annað

Leiga fyrir lóðir í þéttbýli skal miðast við gildandi lóðarleigu sveitarfélags á viðkomandi svæði.

Leiga fyrir malarnám, jarðhita og önnur sérstök hlunnindi skal metin sérstaklega.

Ráðuneytið getur ákveðið í sérstökum tilvikum að leita eftir tilboðum í fjárhæð jarðarafgjalda við ráðstöfun einstakra jarða, lóða eða jarðaparta til leigu.

5. gr.

Lágmarksleiga

Þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. gr. skulu árleg jarðarafgjöld og leigugjöld fyrir hvert byggingarbréf eða hvern lóðarleigusamning aldrei vera lægri en kr. 54.034 m.v. byggingarvísitölu 509,0 stig í mars 2011 og skal nefnd lágmarksleiga breytast í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu eins og hún er hverju sinni á gjalddaga leigunnar.

6. gr.

Skattar og skyldur

Ábúendur/leigutakar skulu auk jarðarafgjalda greiða alla skatta og skyldur sem hvíla á viðkomandi jörðum og lóðum eða kunna að verða lagðar á þær sem gjaldstofn. Einnig skulu leigutakar greiða brunatryggingar af öllum mannvirkjum í eigu leigusala á jörðunum.

7. gr.

Gildistaka

Reglur þessar öðlast þegar gildi og koma í stað reglna um fjárhæð jarðarafgjalda fyrir ábúð, leigu og lóðarleigu á ríkisjörðum og landi á forræði landbúnaðarráðuneytisins frá 2006.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 13. júlí 2011.